

2. Fundur stjórnar Farsældarráðs Vestfjarða, haldinn í fjarfundi þann 3. mars 2026 kl. 10:00

Mætt voru: Dagný Finnbjörnsdóttir, Magnús Arnar Sveinbjörnsson, Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Auk þeirra sat fundinn Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs og ritaði hún einnig fundargerð.

Dagskrá fundarins er sem hér segir:

Fundur stjórnar Farsældarráðs Vestfjarða

Fyrsti fundur farsældarráðs Vestfjarða 18. mars

Staða ráðsins

Kosning formanns farsældarráðs

Önnur mál

Fyrsti fundur farsældarráðs Vestfjarða 18. mars

Fyrsti fundur farsældarráðs Vestfjarða fer fram á Bíldudal þann 18. mars. Fulltrúar ráðsins hafa verið boðaðir.

Drög að fundardagskrá:

1. Opnun fundarins (20 mín)
Verkefnastjóri, ungmennaráð og stjórnarmaður?
2. Staðan í sveitarfélögum (60 mín)
Hvert sveitarfélag fær um 10 mín til að svara eftirfarandi spurningum:
 - Hvað er komið vel af stað?
 - Hvar stöndum við föst?
 - Hvað hefur reynst árangursríkt?
 - Hvað þurfum við frá öðrum?
3. Niðurstöður ÍÆ
Ragný Þóra kynnir niðurstöður ÍÆ fyrir Vestfirði
4. Samvinna í þverfaglegum hópum
Fólki skipt í blandaða hópa og hver hópur fær eitt af eftirfarandi verkefnum:
A. Hvað getum við samræmt strax á Vestfjörðum?
(t.d. verklag, upplýsingaflæði, viðmið)

B. Hvar týnast börn og fjölskyldur á milli kerfa?

(hverjar eru gloppurnar?)

C. Hvað getum við gert næsta árið sem skiptir raunverulega máli?

D. Hvernig tryggjum við að rödd barnsins heyrist í okkar innleiðingu?

E. Hver eru tækifærin og hindranirnar í að Vestfirðir verði framúrskarandi í farsæld barna?

5. Sameiginleg greining: hvað er brýnast?

Hver hópur vinnur með þessa spurningu: „Hvaða 3 kerfisbundnu breytingar myndu hafa mest áhrif á farsæld barna á Vestfjörðum næstu 4 ár?“

6. Hvað verður í aðgerðaráætluninni?

Hópar kynna stuttlega. Síðan fær hver þátttakandi 3 atkvæði (límmiðar eða punktar). Veljið 3–5 áherslusvið sem mynda kjarnann í 4 ára áætlun.

7. Frá áherslu að aðgerð

Skipt aftur í hópa – einn hópur á hverja forgangsáherslu. Hver hópur svarar:

Hvað þýðir þetta í framkvæmd?

Hver ber ábyrgð?

Hvað getum við gert á fyrsta árinu?

Hvernig vitum við að við séum að ná árangri?

Markmiðið er að fá 1–2 skýrar aðgerðir fyrir hvert áherslusvið, ábyrgð og fyrsta tímaramma.

8. Samantekt og næstu skref

Hópstjórar skipaðir fyrir fundinn.

Staða ráðsins

Allir fulltrúar hafa verið skipaðir eða eru á dagskrá sveitarfélaganna að ljúka skipun fyrir utan Súðavíkurbrepp en ekki hafa borist svör þaðan varðandi hvenær erindið sem sent var 26. nóvember 2025 verði tekið fyrir.

Kosning formanns farsældarráðs

Kjósa þarf formann farsældarráðs fyrir fyrsta fund ráðsins. Borið er upp hvort kosningin geti átt sér stað á fundinum eða hvort stjórnarmenn óski þess að kosningin fari fram utan fundarins.

Kosning borin upp á fundinum, Dagný býður sig fram til formanns og það samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Menntaþing sem verður haldið 8. júní n.k. er í skipulagningu hjá Vestfjarðastofu. Markmiðið er að setja menntun á dagskrá.

Umræður um menntamál. Menntunarstig inni í stofnunum. Virkilega slæm staða í leikskólum, í mönnun. Það þarf greiningu á “vandanum” í skólakerfinu. Veikindaleyfi í leikskólum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00